

MOSFELLINGUR

17. tbl. 5. árg. föstudagur 22. desember 2011. Þrift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Gledileg jól

Ljós. Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Asparteigur

216 m² parhús
í byggingu

Vorum að fá tvö
glæsileg 216,3 m²
parhús í byggingu
við Asparteig í
Mosfellsbæ á sölu.

Verð kr. 35,0 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnesteð
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á bls. 3



Erum í jólfaskapi



RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvégi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Bládamenn: Ágúst B. Linn og
Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Út með jólaköttinn

Jól, komin einu sinni aftur...
Jó og stressið að fara með landann.
Látum ekki geðveikina alveg fara
með okkur þessa síðustu daga,
þótt svo einhver fari í jólaköttinn



þá ætti það ekki að vera
svo slæmt. Ég þekki alla-
vega ekki neinn sem
hefur lent illa í honum
þótt heimildamenn
þjóðháttaeildar
þjóðminjasafns-
ins telji það
miður gott.

Tölvupóstur Mosfellingis lá niðri um tíma við vinnslu blaðsins og má vera að einhver póstur hafi ekki skilað sér til okkar. Ef einhver kannast við það er sá hinn sami beðinn um að hafa samband á nýjan leik, mosfellingur@mosfellingur.is

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Óhve gott verður að komast
í smá jólafrí og slappa af í
faðmi fjölskyldunnar og njóta
matar og drykkjar um hátíðirnar.

Líður nú senn að hátíð ljóss og
Lfríðar og vil ég fyrir hönd Mos-
fellingis óska bæjarbúum gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári.
Bestu þakkir fyrir samstarfið við
ykkur bæjarbúa við að halda úti
öflugum og traustum fréttamiðli.
Sjáumst á nýju ári.



www.isfugl.is

Stærsta stund í sögu Aftureldingar



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar gullaldartímabil Aftureldingar í handbolta hófst. Fyrsti titillinn í 1. deild kom í hús þann 13. mars 1997. Þjálfari liðsins á þessum tíma var landsliðsmarkvörðurinn Einar Þorvarðarson. Liðið gulltrygðði sér titilinn með naumum sigri á Val. Í þessu liði voru margir af bestu handbolta-
mönnum þjóðarinnar. Þar voru þeir Bjarki Sigurðsson, núverandi þjálfari meistaraflokks Aftureldingar, Bergveinn Bergsveinsson markvörður og Páll Þórólfsson fremstir meðal jafningja. Eftir þennan sigur varð mikil uppsveifla hjá Aftureldingu og nokkrum árum seinna vannst fyrsti Íslandsmeistararitillinn og Mosfellingar fóru að keppa í Evrópu-keppnum. Það er fyrirliðinn Alex Trúfan sem hampar bikarnum á myndinni að leik loknum.

Úrklippur eru úr Morgunblaðinu.



FERMINGARMYNDIN hennar Unnar

Nafn: Unnur Jenný Jónsdóttir
„Fermingin mín fór fram í Lágafellskirkju 2. apríl 1978. Ég man svo vel eftir þessum degi. Ég fékk krullur í hárið sem var eitthvað sem ég var nú ekki mikið fyrir. Vildi helst bara fá að vera eins og ég var vön, en fyrir mömmu fékk ég krullur í hárið og líka lítil hvít blóm.“

Ekki fannst mér þetta nú mjög flott en hvað gerir maður ekki fyrir mömmu sína?

Ég samþykkti líka að vera í dragt en gaf mig ekki með skóna, þá vildi ég velja sjálf. Ég var því í finni dragt og við hana í ECCO gönguskóm með gúmíbotnum.

Fermingarmyndatökan fór svo fram daginn eftir þannig að ég varð að sofa í sömu stellingunni alla nóttina til að skemma ekki hárgreiðsluna.”



HÉÐAN OG ÞAÐAN





www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Pverholti 2
Mosfellsbæ**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Lindarbyggð – Glæsilegt parhús

Til sölu mjög glæsilegt 177,1 m² parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlanga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgott. Stór stofa með góðri lofthæð og borðstofa við hlið eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpshol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglíngaherbergi. Fallegur suðurgarður og heilulagt bílaplan. Þessar eignir eru sjaldséðar á fasteignasölu.
Verð kr. 41,8 m.



Barrholt – 225 m² einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá fallegt 224,7 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr og vinnustofu við Barrholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða "hefðbundið" 174 m² einbýlishús í Mosfellsbæ, en á síðasta ári var byggt við húsið 50 m² vinnustofa sem eftir er að fullklára. Hún gæti einnig vel nýst sem stór bílskúr, unglíngaherbergi eða aukíbúðarrými. Frábær staðsetning, rétt við alla þjónustu og skóla.
Verð kr. 49,5 m.



Hlíðarás – 408 m² einbýli

Til sölu eitt stærsta einbýlishúsið í Mosfellsbæ. Húsið er samtals 408 m² á tveimur hæðum, með tvöföldum bílskúr. Húsið býður upp á mikla möguleika, m.a. væri hægt að innrétta 2-3 íbúðarrými (ósamþykkt) á neðri hæð, og halda eftir stórrí efrí sérhæð með bílskúr. Húsið stendur neðst í Ásahverfinu með miklu útsýni til suðvesturs, út á Leirvoginn og að Esjunni.
Verð 139.700 kr. pr. m². Verð kr. 57,0 m.



Víðiteigur - raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 82,1 m² raðhús á einni hæð með möguleika á allt að 28,6 m² stækkun, við Víðiteig 4 í Mosfellsbæ. 2 góð svefnherbergi, baðherbergi, geymsla/þvottahús, stofa og eldhús með borðkrók. Stór sérgarður í suðurátt. Möguleiki að stækka upp í ris og byggja sólstofu við húsið. Stutt í þjónustu í miðbæð Mosfellsbæjar.
Verð kr. 21,5 m.



Tröllateigur 141-150 m² íbúðir

Til sölu fjórar 141-150 m² íbúðir í nýju fjórþýlishúsi í byggingu við Tröllateig 41 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 4ra – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, þó verður baðherbergi og þvottahús flísalagt. Íbúðirnar verða afhentar í apríl 2007.
Verð frá kr. 28,5 – 32,5 m.

Þratarhöfði 13, 17 og 19

Þrjú 186 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Þratarhöfða 13, 17 og 19. Húsin eru á besta stað, með golfvöll, spánýja sundlaug, grunnskóla og leikskóla í 4 mínútna gönguradius. Húsin verða afhent fullbúnar að utan með þöklagðri lóð og sólpalli, en tilbúnar til innréttinga, spörstluð og grunnmálud að innan. Gólfniði og fullkomið loftrásikerfi verður fullfrágengið. Afhending nú í desember.
Verð kr. 37,9 – 38,4 m.



Flugumýri – 250 m² atvinnuhúsn.

Snyrtilegt og gott atvinnuhúsnæði við Flugumýri í Mosfellsbæ. Um er að ræða 174 m² flísalagðan vinnslusal með tveimur innkeyrsluhurðum auk milliöfns. Þar er kaffistofa, 2 skrifstofur og lagerrými.
Verð kr. 26,5 m.



Miðholt – 3ja herb.

82,4 m², 3ja herbergja endaíbúð í 11 íbúða fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög björt og vel um gengin – baðherbergi m/kan, 2 fín svefnherbergi, stór stofa/borðstofa og eldhús inn af stofu. Svalir í suðurátt og stutt í alla þjónustu. Þetta er björt og rúmgóð íbúð á hagstæðu verði.
Verð kr. 17,8 m.




Urðarholt – 150 m² atvinnuhúsnæði

Erum með 150 m² atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Gott verslunarpláss og inn af því hefur verið innréttað íbúðaraðstaða. Gott gluggapláss er út á bílastæðið og gott aðgengi. Rýmið stendur við Mosfellsbakarí sem er eitt besta bakarí á landinu. Rýmið er til sölu eða leigu og getur verið laust til afhendingar fljótlega.



Klapparhlíð – Lúxusíbúð f/50 ára og eldri

Glæsileg 119,3 m² lúxusíbúð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er glæsileg í alla staði, innréttingar spónlagðar með liggjandi hnotu, hvítar flisar á gólfum með marmaraáferð, baðherbergi með sturtuklefa og mjög stór og björt stofa og borðstofa. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara. Þetta er eign fyrir vandláta.
Verð kr. 36,9 m.



Smábýli 5 - Kjalarinesi

Erum með ca. 5,5 hektara lóð undir einbýlishúsi á fallegum útsýnisstað í jafri Esjunnar. Þetta er frábært tækifæri fyrir þá sem vilja hafa rúmt í kringum sig, en þó í aðeins 10 mínútna fjarlægð frá allri þjónustu.
Verð kr. 27,0 m.



Hjallahlíð – 4ra herb.

Falleg 94 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjórþýli með sérinnngangi af svalagangi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf m/sturtu, eldhús með góðum borðkrók og flisum á gólf, fallegt teppi á stofu og gangi, 3 svefnherbergi með linoleum dúk á gólf og vinnukrókur. Mjög stutt er í nýjan grunnskóla, leikskóla og glæsilega sundlaug..
Verð kr. 21,9



Byggingarlóðir í Leirvogstungu

NÝJAR LÓDIR Á SVÆÐI 3 Erum að taka á móti tilboðum í lóðir undir einbýlishúsi og raðhúsi á svæði 3A við Laxatungu í Mosfellsbæ. TILBOÐUM ER SVARAÐ INNAN 24 KLST. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlóðum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsa og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýls-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Umhverfisráðuneytið hefur staðfest að fyrirhuguð tengibraut við Helgafellslandið komi ekki til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Samkvæmt lögum þarf því ekki að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Tengibrautin mun því verða með þeim hætti sem fyrirhuguð var.



KB-banki stækkar við sig í Þverholti

Framkvæmdir við stækkun KB-banka eru hafnar. Til stendur að byggja við suðurhlíð hússins. Viðbyggingin verður 96 fm að stærð. Bankinn er greinilega í útrás hér sem og annarsstaðar.



Skúrinn frægi á faraldsfæti

Frægasti skúr bæjarins er á leið á planið hjá leikhúsinu enn og aftur. Eins og flestir muna ætluðu Vinstri-græn að nota skúrinn sem kosningaskrifstofu í bæjarstjórnarkosningum í vor en fengu ekki leyfi hjá bæjaryfirvöldum til þess. Skúrinn verður nú sem áður notaður undir sölu flugelda fyrir björgunarsveitina Kyndil.

Af Grettistöfum

Í leiðara 5. tbl., 22. árg. Mosfellsfréttu, blaði Framsóknarfélags Mosfellsbæjar, sem kom út fyrir skömmu ritar IMA m.a.: „Heilbrigðisráðherra er að lyfta grettistaki í búsetuúr-ræðum aldraðra. Búið er að samþykkja byggingu 200 nýrra rýma á höfuðborgarsvæðinu. Að sjálfsgöðu er það ekki líðandi að fullorðið fólk þurfi að deila herbergi með ókunnugum á efri árum. Það er hins vegar ekki sanngjarnt að krefjast að þessu sé breytt á einni nóttu. Allir viðurkenna að þessu þarf að breyta og nú er unnið markvisst að því máli.”



Þessi skrif IMA vöktu undrun mína og vil ég gera eftirfarandi at-hugasemdir við þau:

1. Vera kann að það sé mat að-dáenda heilbrigðisráðherra að verið sé að lyfta Grettistaki í „búsetuúr-ræðum aldraðra“ með þeirri ákvörðun að á árunum 2006 til 2010 verði byggð 174 rými á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Mitt mat er að með þessari samþykkt sé aðeins verið að moka flórin eftir margra ára hirðuleysi Framsóknarmanna sem stýrt hafa heilbrigðisráðuneytinu frá 1995.

2. Ástandið í hjúkrunarheimilismálum í Mosfellsbæ er verra en svo að þar þurfi aldraðir og sjúkri að deila með sé herbergi. Hér er ekkert hjúkrunarheimili.

3. Enginn hefur gert kröfu um að hjúkrunarheimili hér í bæ verði reist á

einni nóttu. En þær eru orðnar margar næturnar og dagarnir sem aldraðir skattborgarar þessa bæjar hafa mátt biðja eftir að framkvæmdir hefjist, og enn er beðið. Hvorki IMA né aðrir framsóknarmenn mega gleyma því að heilbrigðisráðuneytið hefur verið í höndum framsóknarmanna frá árinu 1995. Fyrir það ár voru Mosfellingar farnir að biðja eftir að bygging hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ kæmist á dagskrá þar sem Reykjalundur var hættur að „bjarga málum fyrir horn“

4. Frá 1995 hefur Siv Friðleifsdóttir m.a. verið þingmaður Mosfellinga.

5. Í áætlun heilbrigðisráðuneytisins frá árinu 2002 um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002-2007 er gert ráð fyrir að koma á fót hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ á árinu 2005. Já, Róm var ekki byggð á einni nóttu.

Í 3. tbl., 18. árg. Mosfellsfréttu í apríl 2002 var frétt um fyrrgreinda áætlun. Í fréttinni segir m.a. „... að allt að 20 rúma hjúkrunarheimili verði reist við Damos á árinum 2004-2006.“

Jafnframt kemur fram að Mosfellsbær hafi sótt um hjúkrunarheimili fyrir nokkru síðan. Ennfremur segir í fréttinni: „Það er vilji ráðherra og ráðuneytis að fé verði veitt til byggingarinnar á árunum 2004-2006 eða um 100 milljónir. Gera má ráð fyrir að áætlaður kostnaður við hjúkrunarheimili verði þrjú hundruð milljónir. Fjármagn til þess kæmi úr Byggingarsjóði aldraðra, að hluta frá Mosfellsbæ og annarri fjármögnun.“

Orðrétt segir síðan: „Ljóst er að í okkar ört vaxandi bæjarfélagi er stór hópur eldri bæjarbúa sem munu njóta þess að eiga áhyggjulaust ævikvöld í bæjarfélaginu sínu þegar hjúkrunarheimilið ris.“

6. Hvenær hafist verður handa við byggingu í Mosfellsbæ er óvíst, kannski á næsta ári, e.t.v. árið 2010? Kannski hefur ekkert verið gert þegar kosið verður til Alþingis 2011?

Í ljósi efnda á fyrri áætlun heilbrigðisráðuneytisins leyfi ég mér að vera efasemdarmaður eitthvað lengur.

7. Frá árinu 1994 til 2002 áttu framsóknarmenn aðild að meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Sex síðustu valdaár þess meirihluta sátu framsóknarmenn einnig í stóli heilbrigðisráðherra. Ekki varð það til að hreyfing kæmist á byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ.

8. Ég vona að heilbrigðisráðherra standi við gefin loforð og hafi fjárveitingarvaldið að baki sér við að gera orð að efnudum. Annars fer áætlun Sivjar Friðleifsdóttur, heilbrigðisráðherra, sömu leið og áætlun forvera hennar. Aldraðir Mosfellingar, sumir hverjir farnir af þreki á líkama og sál, skattborgarar þessa lands til áratuga og sú kynslóð sem skaut rótum og rúmlega það undir þá hagsæld sem við búum við í dag, á svo sannarlega skilið að komið sé fram við þá af meiri heilindum en gert hefur verið í þessum efnun líkt og svo mörgum öðrum.

Ivar Benediktsson, Höfundur er blaðamaður og áhugmaður um byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ

Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar

lokuð yfir hátíðirnar

Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar, Skeljatanga 20, verður lokuð yfir hátíðirnar og opnar aftur á nýju ári, þann 5. janúar. Eftir áramót mun María Kallström hefja störf sem nuddkona og einnig verður opið á kvöldin.

Ronny Ericson Karlström



Jólafundur

Vel var mætt á fundinn og glæsilegar veitingar í boði

Kvenfélags Kjósarhrepps

Nýlega héldu kvenfélagskonur í Kvenfélagi Kjósarhrepps jólafund í Kaffi Kjós. Stjórn kvenfélagsins og Birna, freyjan í Kaffi Kjós, undirbjuggu matinn í sameiningu og buðu félagskonum á veglegt jólahlaðborð í notalegu umhverfi. Fyrir mat sungu konurnar nokkur jóla-lög og hlustuðu á hugljúfa sögu

sem hún Jóhanna í Káraneskoti las. Eftir mat var haldinn stuttur fundur sem endaði með því að félagskonur skiptust á gjöfum. Þetta er árlegur viðburður hjá kvenfélaginu sem bæði gefur gott tækifæri til þess að efla félagsandann og orkuna fyrir starfið á nýja árinu.

JÓLATRÉSALA

í Hamrahlíð við Vesturlandsveg



Föstudagur 22. des. kl. 13 - 16
Þorláksmessa 23. des. kl. 10 - 16

Nú fer dagurinn að lengjast
og styttest í sumarið!



Fjölbreytt störf í boði

Fljótlega í byrjun næsta árs mun útisundlaugin við Íþróttamiðstöðina við Lækjarhlíð verða tekin í notkun ásamt heitum pottum, gufubaði, rennibrautum og vatnagarði. Það verður því í nógu að snúast á nýju ári.

Við óskum því eftir að ráða til okkar duglegt og ábyrgt fólk sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum, góðum félagsskap og nýtur þess að starfa í samhentum hóp.

Í boði eru fjölbreytt störf, allt frá móttöku til þrifa og er almennt unnið á vöktum. Einnig er í boði aukavinna, t.d. stakir dagar, kvöld eða helgar. Karlmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Íþróttamiðstöðin við Lækjarhlíð er lifandi og skemmtilegur vinnustaður og hefur nú á fyrsta starfsári sínu veitt aðstöðu fyrir skólaíþróttir barna í Lágafellsskóla og hefur sú starfsemi gengið vonum framár. Vel hefur tekist til við að útbúa framúrskarandi aðstöðu bæði fyrir íþróttaiðkendur sem starfsfólk staðarins sem vel þekkir til þarfir unga fólksins.

Íþróttamiðstöðin var tekin í notkun að hluta til nú í vetur en fullklárað er húsið 5.000 fermetra íþróttamiðstöð með inni- og útisundlaug, heitum pottum, rennibraut, vatnagarði, íþróttasal, gufubaði, nuddaðstöðu, líkamsrækt og veitingaaðstöðu.



Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Gunnarsdóttir í síma 824 6383, johanna@nysir.is.



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN LÆKJARHLÍÐ
www.laekjarhlid.is



Nylon í KB-banka

Hin geysivinsæla stúlkna-hljómsveit, Nylon, sá fyrir skemmtun í KB-banka fyrir stuttu. Fullt var út að dyrum og söng yngri kynslóð bæjarins hástöfum með hverju lagi Nylon stelpnanna.



Áramótabrennan í Ullarnesbrekku

Kveikt verður í áramótabrennuni kl. 20:30 á gamlárskvöld. Brennan verður á nýjum stað í ár eða við fótboltavöllinn í Ullarnesbrekku. Þá verður einnig flugeldasýning og aðrar uppákomur.



Rithöfundar kynntu verk sín

Bókmenntakvöld var haldið 23. nóvember síðastliðinn á bóka-safninu. Yfir 70 manns mættu á staðinn og hlýddu á rithöfundana Auði Jónsdóttur, Braga Ólafsson, Jón Atla Jónasson og Þórunni Erlu Valdimarsdóttur lesa upp úr verkum sínum. Þá stjórnaði bókmenntafræðingurinn Katrín Jakobsdóttir umræðum eftir upp-lestur. Heilmiklar umræður áttu sér stað og þótti kvöldið heppnast afar lukkulega.

Jólabók hestamannsins



Friðbjófur gefur út bókina Litir íslenska hestsins

Hjónin Friðbjófur og Louise A. Schilt

Friðbjófur Þorkelsson hélt upp á útkomu bókar sinnar, Litir íslenska hestsins, nú nýlega. Friðbjófur bauð vinum og vandamönnum í Listasal Mosfellsbæjar af því tilefni. Friðbjófur hefur í marga áratugi unnið að þessari bók en hún inniheldur mikinn fróðleik um liti íslenska hestsins og fjölmargar undurfagar ljósmyndir er að finna í henni. Friðbjófur er hestamönnum að góðu kunnur fyrir ljósmyndir sínar í gegnum árin. Þá er hann einnig mikill hestamaður og keppti mikið á árum áður. Þetta er kærkomin bók fyrir alla unndendur íslenska hestsins og er hún á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og dönsku.

Bæjarrónafélag Mosfellsbæjar hélt veglega afmælishátíð í Hlégarði

Rónar í 10 ár

Fyrir tíu árum ákváðu nokkrir bæjarstarfsmenn að hittast eftir vinnu á föstudegi og fá sér smá öl. Varð þessi föstudagshittingur að hefð smám saman og úr varð Bæjarrónafélag Mosfellsbæjar. Félagið hefur í gegnum árin haft félagsaðstöðu á krám bæjarins og á hverju ári er haldið þorablót, farið í vorferð og jólafundur haldinn. Félagsmenn eru nú um 40 manns og forseti félagsins er Davíð B. Sigurðsson. Tíu ára afmælishátíð var haldin á dögnum í Hlégarði þar sem bæjarrónarnir komu saman og áttu saman gleðistund.



Steini mælló og Oddgeir



Rónarnir Þórður, Þórarinn og Hákon



Læknarnir Helgi og Ingvar



Jesse og Elli



Ragnheiður og bæjarróni ársins 2006, Davíð B. Sigurðs.

Bob Gillan og Ztrandverðirnir héldu uppi stuðinu fyrir rónana



Systurnar saman



Vignir, Daði og Atli



Pétur Jökull og Davíð



Félagarnir Pétur Berg og Gylfi Guðjóns hressir

Hugljúf helgistund að Hlaðhömrum



Helgistund var á Dvalarheimili aldraðra að Hlaðhömrum 19. desember. Kór eldri borgara, Vorboðarnir, sungu nokkur vel valin jólalög og veitingar voru í boði bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Prestarnir okkar, sr. Jón Þorsteinsson og sr. Ragnheiður Jónsdóttir, fluttu hugvekju og leiddu fólk í bæn. Þá var hluti af ágóða hins árlega jólabasars eldri borgara gefinn hjálparstarfi kirkjunnar. Einnig kom Sigsteinn Pálsson með einkaframlag til hjálparstarfsins. Gjafirnar koma að góðum notum og verða notaðar til þess að hjálpa bágstöddum fjölskyldum í bænum fyrir jólin.

ELDRI BORGARAR

Félagsstarf eldri borgara óskar þátttakendum starfsins og öðrum sveitungum, gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Félagsstarfið byrjar aftur á nýju ári þriðjudaginn 9. janúar kl. 13 í Dvalarheimilinu Hlaðhömrum

JANÚARTILBOÐ

Þriggja mánaða kort

12.900 kr.

Kynningarvika
Frítt í líkamsrækt
vikuna 8.-12. janúar



Vegna fjölda áskoranna byrjar Bodystep aftur í umsjón Höllu Karenar

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
6:20 7:20	Morgunhanar Svava Ýr		Morgunhanar Svava Ýr		Morgunhanar Svava Ýr	
8:20 9:20	Morguntími Alfa	Body Balance Alfa		Morguntími Alfa		10:00 Body Balance Alfa
15:30 16:30						10:00 Karlaprek Elli
16:30 17:30	16:40 Létt leikfimi Kristín Reynisd	Body Balance Alfa	16:40 Létt leikfimi Kristín Reynisd.	Body Balance Alfa		
17:30 18:30	Body Step Halla Karen	Þol og Styrkur Sesselja	Body Pump Sesselja	Body Step Halla Karen	17:30 Föstudagsfjör Sesselja	
18:30 19:30	Body Pump Halla Karen	Karlaprek Elli		Body Pump Halla Karen		
19:30 20:30	Body Jam Hrafnhildur			Body Jam Hrafnhildur		
20:30 21:30		Tímataflan gildir frá 8. janúar 2007		19:00 Karlaprek Elli		

ITOPPFORMI
HEILISGÆMI

Í TOPPFORMI - ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI AÐ VARMÁ - S: 566-7888 - WWW.ITOPPFORMI.IS



*Við sendum
landsmönnum öllum
okkar bestu óskir
um gleðileg jól
og velgengni á nýju ári.*

GLITNIR



Kjalarmenn í skyndihjálpi

Níu liðsmenn úr björgunar-sveit Kjalar hafa í vetur sótt fyrstuhjálparnámskeið á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis-ins. Á námskeiðinu hefur þeim m.a. verið kennt endurlífsgun, líkamsskoðun og flutningur á slósuðum. Námskeiðinu lýkur svo í vor þar sem menn verða prófaðir úr námsefninu.



Foreldramorgnar á bókasafninu

Á miðvikudögum kl. 10 eru foreldramorgnar á bókasafninu. Þangað geta foreldrar komið í heimsókn með börnin sín. Ávalt er í boði kaffi fyrir eldri fólkið en það yngri getur fundið sér ýmislegt til skemmtunar.



Heimsókn á bókasafnið

Þann 7. desember síðastliðinn komu öll fimm ára börn í leikskólum bæjarins, í heimsókn á bókasafnið. Þar var flutt jólaeikritið Jólin hennar Jóru af Stoppleikhópnum. Þá voru raddböndin þanin og sungin jólalög.

Það bar til um þessar mundir

Er ekki búið að segja allt, sem hægt er að segja um jólin? Eru margir þess umkomnir að koma með einhverjar nýjar úrfærslur eða hugmyndir um boðskap jólanna, sem vekja athygli, áhuga eða umhugsun? Segir jólaguðspjallið allt það, sem segja þarf? „Jú“, segir kristin trú. Þessi magnaða frásögn hefur bætt upp vanmátt og veikleika, snortið hugi og hjórtu og fært áheyrendum sínum í gegnum tíðina óendanlega mikinn fögnuð og huggun. Þegar við lesum jólaguðspjallið í 2. kafla Lúkasarguðspjalls, hefst það á orðunum, „Það bar til um þessar mundir“. Við þekkjum flest öll hvernig Lúkas guðspjallamaður segir frá fæðingu Frelsara heimsins og segir frá því sem þá bar við. Við höfum öll heyrt þetta áður, séð það flutt í helgileik, í kvikmyndum og svo mætti lengi telja. Þetta eru svo sem ekki neinar sérstakar fréttir, eða hvað?

María og Jósef, að láta skrásetja sig, ekki rúm í gísthúsi, fæddi ungubarn í fjárhúsi, vafði það reifum og

lagði í jötu, hirðar úti í haga, þeir sjá engla sem sögðu þeim frá fæðingu Jesúbarnsins, þeir fóru til að veita því lotningu sína, jólastjarnan, vitringar frá Austurlöndum komu og veittu barninu lotningu sína og gáfu því gull, reykersi og myrru ...

„Í desember 1903. Eftir ótal tilraunir tókst Wright-bræðrum að koma vélinni „fljúgandi“ til að takast á loft. Þeir voru frá sér numdir af gleði yfir því að hafa tekist þetta ætlunarverk sitt og í gleði sinni sendu þeir símskeyti til systur sinnar, Katherine. Það hljóðaði svo: „Okkur hefur loks tekist ætlunarverkið og flogið vélinni 120 fet. Við verðum komnir heim fyrir jólin.“ Þegar Katherine hafði mótttekið skeytið flýtti hún sér til ritstjóra staðarblaðsins og sýndi honum skeytið. Hann leit sem snöggvast á skeytið og sagði: „En gaman, strákarnir

verða komnir heim fyrir jól“. Honum yfirsást algjörlega stóru fréttirnar, manninum hafði tekist að fljúga. Og við þekkjum framhaldið, þekkjum flugsöguna og hvernig flugið er ein aðalsamgönguleið nútímans.

Hefur þér kannski yfirsést stóra fréttin, rétt eins og ritstjóranum yfirsást það að maðurinn hafði flogið í fyrsta sinn? Já, enn erum við að tala um jólaguðspjallið og ég veit að þú hefur heyrt þetta milljón sinnum áður. En ég hef frétt að segja þér! „Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn í borg Davíðs.“ Og þessi frétt er jafn mikilvæg okkur, þér og mér, í dag og hún hefur verið öllum kristnum mönnum í gegnum aldirnar.

Það er von mín og bæn að frelsari okkar og lausnari gefi þér og fjölskyldu þinni góða, en umfram allt kærleiksrika jólahátíð

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson
Framkvæmdastjóri Lágafellssóknar

Jólahugveikja

Rúm á kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahús

Þann 7. desember síðastliðinn færðu nokkur kvenfélög kvennadeild Landspítala-Háskólasjúkrahús tvö rúm með gálga og dýnum að gjöf að upphæð kr. 500.000.-

Brýn þörf er fyrir endurnýjun á rúmunum sem eru orðin þrjátíu og tveggja ára gömul og úr sér gengin og kunni starfsfólk LSH vel að meta þessa gjöf.

Kvenfélögin sem að þessu stóðu eru Kvenfélag Álftaness, Kvenfélag Grindavíkur, Kvenfélagasamband Vestur-Skaftfellinga og Kvenfélag Kjósarhrepps.

Enn og aftur sýnir sig að margar hendur vinna létt verk og að margt smátt gerir eitt stórt.

Hressar konur við eitt af rúmunum. Þær eru taldar frá vinstri til hægri: Margrét frá LSH, María, formaður kvenf. Álftaness, Kristín og Þorgerður frá sama félagi, Dóra formaður kvenf. Kjósarhrepps, Hrafnhildur, formaður kvenf. Grindavíkur og Guðrún frá LSH. Á myndina vantar Evu Björk, formann Kvenfélagasambands Vestur-Skaftfellinga.

Opnunartímar Íþróttamiðstöðvar að Varmá um jól og áramót:

24. desember, aðfangadag 09:00-12:00

25. desember, Jóladað LOKAÐ

26. desember, annan í jólum 09:00-18:00

27. - 29. desember 06:15- 21:00


30. desember 09:00- 18:00

31. desember, gamlársdag 09:00- 12:00

1. janúar, nýársdag LOKAÐ

Starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar óskar Mosfellingum gleðilegra jóla og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.

Símar: 566-6254 / 566-6754,
netfang: sport@mos.is





DRAUMASTAÐUR

Sumarið 2006 var fyrsta skóflustunga tekin að íbúðabyggð í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Skömmu síðar hófust framkvæmdir og sala lóða. Eftirspurn reyndist mikil og eru margir byrjaðir að byggja upp sinn draumastað.

Við þökkum fyrir góðar viðtökur og hlökkum til að reisa framúrskarandi byggð á nýju ári með væntanlegum íbúum.

Bjarni Sv. Guðmundsson og Katrín Sif Ragnarsdóttir



LEIRVOGSTUNGA
— sérbýli í sveit



Ný vélaskemma golfklúbbsins

Eins og flestir bæjarbúar vita, standa yfir framkvæmdir vegna stækkunar á golfvelli. Nýjar brautir hafa bæst í hópinn og fyrirhugaður golfskáli verður brátt byggður. Nú síðustu daga hefur ný vélaskemma fyrir tæki og tól valla starfsmanna risið. Skemman er stór og mikil og kemur til með að bæta aðstöðuna til muna.

Tilkynning frá jólasveinum

Knattspyrnudeild Aftureldingar aðstoðar jólasveinana næstu daga sökum anna.

Föstudagskvöldið 22. des kl. 20-22 verður aðstoðarfólk í valla húsinu að Varmá.

Varningurinn verður að vera í pökum, vel merktum með heimilisfangi og nafni ásamt einum fjólubláum seðli. Árangurinn mun svo skila sér tveimur dögum síðar.



Munum að nota endurskinsmerki

Það fer ekki fram hjá neinum þessa dagana að myrkur er nær allan sólarhringinn. Þess vegna er mikilvægt að fólk noti endurskinsmerki á fatnað og hjól á þessum tímum. Nýttum endurskinsmerki og sendum börnin okkar örugg út í skammdegið.



Hrefna

Magnea

Leidréttning

Í síðasta blaði Mosfellingar víxluðust nöfn þeirra Magneu Magnúsdóttur og Hrefnu Valdimarsdóttur í umfjöllun á aðstöðu aldraða. Mosfellingur biðst velvirðingar á mistökunum.

Mótorsportið er í mikilli uppsveiflu og ekki bara fyrir stráka



Moto Mos - alvöru íþróttafélag

Íþróttafélagið Moto Mos var stofnað árið 2000 af nokkrum ungum piltum hér í bæ. Þetta er félag áhugafólks um mótorkross, enduro og fjórhjól. Félagið er skráð í Íþróttasamband Íslands og hefur frá stofnun reynt að fá aðstöðu í bænum en án árangurs. Í dag eru meðlimir um 75 manns og félagið vex ört. Mosfellingur tók tal af gjaldkera Moto Mos, Valdimari Þórðarsyni.

Hefurðu keppt mikið? Já, ég get ekki annað en játað því, ég hef gjörsamlega verið á fullu í sportinu síðan 1996 því þá keypti ég mér mitt fyrsta hjól 12 ára gamall. Árið 1999 var ég LOKSINS kominn með aldur til að keppa og tók þátt í minni fyrstu keppni og þá varð ekki aftur snúið og er ég gjörsamlega forfallinn, enda hef ég varla misst af einni einustu keppni síðan 1999. Ég endaði í 2. sæti á Íslandsmeistaramótinu í sumar og það munaði ekki nema einu stigi á mér og 1. sætinu. Þetta var gríðarlega spennandi keppni.

Hver er stefna félagsins? Stefna félagsins er fyrst og fremst að berjast fyrir að fá svæði fyrir félagsmenn sína svo þessir miklu íþróttamenn geti stundað sína íþrótt í sínu bæjarfélagi og verið stoltir af.

Þegar svæðið er komið er hægt að fara að gera heilmargt sem fylgir lokuðum æfingasvæðum, t.d. leið-

beina nýliðum í sportinu um hvar má hjóla og hvar má ekki hjóla, halda uppi forvarnarstarfi og jafnvel félagsmiðstöð fyrir ungu kynslóðina, græða upp og girða Leirvogstungugryfjurnar allt í kringum brautina sem við komum til með að gera, halda keppnir o. fl. o. fl. (Leirvogstungugryfjurnar eru svæðið sem Moto Mos er að reyna að fá undir starfsemi sína).

Efnilegur ungiður

Margt ungt og efnilegt fólk er í félaginu og nefnir Valdimar þá sérstaklega Friðgeir Óla Guðnason, Ásgeir Elíasson, Guðmund Bjarna Pálmason, Gunnlaug Karlsson, Einar Skúla Skúlason og Viktor Guðbergsson. Í gegnum tíðina hafa margir keppt undir merkjum félagsins og ávalt myndast skemmtileg stemning þegar Mosfellingar komast á verðlaunapall. Valdimar er sjálfur

með keppnisnúmerið 270 og er það skírskotun í póstnúmer Mosó.

Ekki bara strákar

Valdimar segir að það sé mikill misskilningur að þetta sport sé eingöngu fyrir unga stráka og segir að mörg dæmi séu um heilu fjölskyldurnar sem stundi íþróttina. Þá eru margar stelpur sem gefa strákunum ekkert eftir.

Valdimar segir að íþróttin sé meira sumar- en vetarsport en þó sé keppt í ískrossi og að margir fari erlendis á veturna til þess að æfa. Sjálfur hefur hann farið þrjá vetur til útlanda í æfingabúðir.

Eittvað að lokum? Já ég vil skora á bæjarstjórn Mosfellsbæjar að sýna okkar máli fullan áhuga. Vinna með okkur til að bæta íþróttastarfseminu sem Moto Mos stendur fyrir, sýna pólitískan vilja til að koma því í verk að úthluta okkur æfingasvæði svo við getum byrjað að þjálfa og rækta okkar ungu og efnilegu og jafnframt eldri og reyndari íþróttamenn. Þá hvet ég einnig alla sem hafa áhuga á að skrá sig í félagið á heimasíðu okkar, <http://internet.is/motomos/>.

Börnin okkar hver er ábyrgur ?

Slæmur aðbúnaður starfsfólks og mikið álag er á leikskólum bæjarins vegna manneklu. Þar af leiðandi er faglegt starf leikskólakennara af skornum skammti. Hvorki er hægt að hlúa almennilega að börnunum okkar vegna skorts á peningum til leikskólanna né vinna með börnunum með tilliti til námskráa sem allt starfsfólk á að vinna með í sínum leikskóla.

Leikskólakennarar eiga sína undirbúningstíma og ber þeim að marka

stefnu og móta daglegt starf í leikskólum. Leikskólakennarar þurfa því að fara af deildinni, en vegna manneklu kemur enginn starfsmaður inn á deildina fyrir leikskólakennarann.

Af þeim sökum fá börnin okkar ekki þá virðingu sem þau eiga rétt á. Börnin okkar eru framtíðin. Hvernig væri að foreldrar fengu að vita hve ástand leikskólamála er slæmt hér í bænum?

Ég kalla til ábyrgðar bæjarstjórn, ásamt leikskólafulltrúa sem stendur

sig illa varðandi tengsl sín við foreldra barna í leikskólum og starfsfólkið sitt. Ég tel að andi slæmrar stjórnsýslu sé svo mikill að það sé orðið löngu tímabært að opna þessa umræðu, því enginn talsmaður er fyrir börnin okkar nema við foreldrar, og þar sem fagfólk er farið að flýja í önnur bæjarfélög í leit að vinnu við betri kjör, þá sé eitthvað mikið að í stjórn leikskólamála hér í bænum.

Valgerður Kristjánsdóttir leikskólakennari

Styttist í opnun glæsilegrar útisundlaugar og allt iðandi af lífi

Íþróttamiðstöðin við Lækjarhlíð

Íþróttamiðstöðin við Lækjarhlíð er kærkomin viðbót við blómlegt íþróttalíf Mosfellsbæjar. Samhentur hópur Mosfellinga hefur unnið að uppbyggingu starfseminnar í Íþróttamiðstöðinni sem hefur verið vel sótt frá opunardegi. Fullklárað er húsið 5.000 fermetrar að stærð og boðið verður upp á fjölbreytta heilsutengda þjónustu eða aðstöðu í miðstöðinni. Húsið var að hluta til tekið í notkun í september og allar götur síðan hefur íþróttahúsið iðað af lífi.

Frá haustmánuðum hafa börn á leikskólanum Huldubergi fengið tækifæri til aukinnar hreyfingar og verið tíðir gestir í íþróttahúsinu og nemendur Lágafellsskóla hafa notið góðs af íþróttahúsinu til íþróttaiðkunar og skólasunds. Innisundlaugin er 16 metrar á lengd og svarar öllum nútímaþörfum til skólasunds. Rík áhersla var lögð á að skapa sundlaugargestum snyrtilegt og öruggt umhverfi við hönnun laugarinnar en laugin er með stillanlegum botni og fullkominni hitastýringu.

Þó að húsið hafi frá opunardegi aðeins að hluta til verið tekið til notkunar hefur fjölbreyntnið verið



Starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar Jóhanna Gunnarsdóttir, Kristín Lóa Pedersen, Óskar Guðmundsson, Irene Jósepsdóttir og Guðný Vésteinsdóttir. Á myndina vantar þau Elínu Vilhjálmsdóttur og Guðmund Helgason

í fyrirrími í Íþróttamiðstöðinni við Lækjarhlíð. Fyrir utan hefðbundnar skólaíþróttir, skólasund og heimsóknir leikskólabarna hefur Mosfellingum staðið til boða ýmis konar námskeið og æfingar sem höfða til fjölbreyttra hópa. Hér má nefna sundnámskeið fyrir yngri íbúa bæj-

arins og golfkennslu. Þá hafa einnig farið fram æfingar í íþróttasalnum í hefðbundnum boltaíþróttum, s.s. blaki, handbolta og fótbolta. Íþróttafélög sveitarfélagsins hafa að hluta til flutt æfingarnar í nýja húsnæðið en íþróttasalurinn, sem er 330 fermetrar að stærð, hentar til hvers konar

hópiþróttar. Íþróttahúsið er því orðinn líflægur vettvangur íþróttaiðkunar.

Í byrjun janúar verður útisundlaugin í Íþróttamiðstöðinni við Lækjarhlíð tekin í notkun og mun hún að sjálfsögðu auka enn á fjölbreytnina fyrir íbúa Mosfellsbæjar. Sundlaugin er hönnuð jafnt til heilsuræktar, skemmtunar og slökunar; jafnt í stóru sundlauginni sem vaðlauginni, heitu pottunum, rennibrautunum og gufubaðinu svo fátt eitt sé talið.

Í náinni framtíð er einnig fyrirhugað að bjóða upp á ýmsa aðra þjónustu í Íþróttamiðstöðinni. Hér má nefna líkamsræktaraðstöðu og veitingasölu þar sem áhersla verður lögð á ýmskonar léttmeti í samræmi við heilsutengda starfsemi hússins. Þá stendur til að opna nuddaðstöðu og sérstaktslökunarherbergi í Íþróttamiðstöðinni.

Framundan eru því spennandi tímar meðal íbúa Mosfellsbæjar sem njóta góðs af greiðum aðgangi að Íþróttamiðstöðinni. Nú verður tilvalið að stoppa við í göngu- eða hjólaferðum og fá sér sundsprett á meðan börnin busla og skemmta sér í barnalauginni og rennibrautunum.

Sorphirða í desember

